



**Umhverfisstofnun**

Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrimel 3  
301 Akranes  
Sími : 433 8500  
Fax : 433 8501  
Kt. 630606-1950

24.11.2015

1509046 ÓM

**Tillaga að starfsleyfi-olíubirgðastöð að Litla Sandi og Digralæk, Olíudreifing ehf.**

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 21. september 2015 þar sem óskað er eftir umsögn Hvalfjarðarsveitar við tillögu að starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð að Litla Sandi og Digralæk, Olíudreifing ehf.

Athugasemdir umhverfis-, skipulags- og náttúruverndar Hvalfjarðarsveitar við einstaka liði starfsleyfistillögunnar sem samþykktar voru af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 24. nóvember 2015 eru eftirfarandi:

1.5. Tryggja þarf ábyrgð rekstaraðila gagnvart mögulegri mengun sem gæti uppgötvast síðar allt að 10 árum.

2.3. Hvalfjarðarsveit gerir þá kröfu að um mannlega vöktun sé að ræða á stöðinni allan sólarhringinn. USN nefnd telur hreyfiskynjara og myndavélabúnað ekki viðunandi eftirlitsbúnað eitt og sér.

2.4. USN nefnd telur að þrátt fyrir að rekstaraðili velji að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur geti það aldrei dregið úr reglubundnu mengunarvarnareftirliti eftirlitsaðila.

2.5. Að viðbragðsáætlun sé aðgengileg á heimasíðu UST rétt eins og starfsleyfið.

2.7. Varðandi mengunarhöpp finnst Hvalfjarðarsveit óljóst hvað átt er við með „eins fljótt og kostur er“ og telur nauðsynlegt að setja inn tímamörk. Einnig þarf að vera ljóst hvert ferlið er í framhaldi af tilkynningu til eftirlitsaðila, t.d. hvað varðar almenning og aðra starfsemi á svæðinu.

3.1. Óskað er eftir sýnatökuáætlun til staðfestingar á því að neikvæð heildaráhrif á umhverfið séu í lágmarki.

3.7. USN nefnd gerir athugasemd við að rúmtak lekavarnar skuli ekki vera 100% af rýmd geymis.

4.3. USN nefnd telur að mæla þurfi olíu í fráveituvatni að lágmarki einu sinni á ári. Einnig óskar nefndin eftir rökstuðningi Umhverfisstofnunar á því hvers vegna skuli einungis þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti og prófa lekavarnir einungis á 10 ára fresti hið minnsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Melsted,  
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar  
[skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is)